

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 21.08.2015

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 21.08.2015

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Seinni umræða um samþykkt um stjórn Skagabyggðar
2. Erindi um veitingasölu við Kjarlandsrétt
3. Skólamál 2015-2016
4. Önnur mál

1. Seinni umræða um samþykkt um stjórn Skagabyggðar. Samþykkt samhljóða

2. Borist hefur erindi frá Erlu í Kambakoti um að koma með lítinn kofa í Kjarlandsrétt og selja veitingar á réttardögum í haust. Sveitarstjórn samþykkir erindið. Varaoddvita falið að láta vita um niðurstöðu.

3. Skólamál 2015-2016

Ákveðið var að endurnýja samning við Kolbrúnu á Mánaskál um akstur á dóttur hennar í Höfðaskóla. Einnig var ákveðið að hækka skólabílataxta hjá bílstjórum um 5%.

4. Önnur mál

Rædd voru sorpmál. Ákveðið var að semja við Sorphreinsum Vilhelms Harðarsonar um sorphirðu utan Skagastrandar. Oddvita falið að ganga frá samningum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl.17,12.